

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/568
komudagur 8.7.2009



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997 (39. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér takmörkun á heimildum lánveitenda til að leita fullnustu krafna vegna veittra fasteignalána.

Hefðbundnir kröfuhafar einstaklinga líkt og lánastofnanir og eignaleigufyrirtæki hafa sýnt erfiðari stöðu fjölda lántakenda, sem rekja má til yfirstandandi efnahagsþrenginga, ríkan skilning. Það liggur í hlutarins eðli að hagsmunum lánveitenda er best borgið ef lántakendur geta staðið skil á greiðslum sínum. Þessi fyrirtæki hafa þannig veitt einstaklingum sem glíma við breyttar aðstæður, t.a.m. vegna skyndilegs atvinnumissis, talsvert svigrúm. Skuldbreytingar, skuldskeytingar, lengri greiðslutími, endurfjármögnun, niðurfelling vaxta, greiðslujöfnun innlendra og erlendra fasteignalána, frysting skulda í ákveðinn tíma og önnur úrræði standa einstaklingum til boða, en úrræðum er þó eðli málsins samkvæmt beitt í samræmi við eðli og umfang hvers máls. Að auki hefur hið opinbera nýverið bætt svokallaðari greiðsluaðlögun í flóru úrræða við fjárhagslega endurskipulagningu einstaklinga.

Auk ofangreindra úrræða liggur fyrir, a.m.k. í vel flestum tilvikum, að lánveitendur geta ekki einhliða farið fram á auknar tryggingar fyrir veittum verðtryggðum fasteignaveðlánnum – sem er bróðurpartur fasteignalána hérlandis. Ástæðan fyrir því er einföld, lánasamningar sem gerðir eru vegna þessara lána veita lánveitendum einfaldlega ekki heimild til þess. Af þessu er ljóst að rök greinargerðarinnar fyrir lagasetningu af þessu tagi eru að einhverju leyti takmörkuð.

Jafnframt verður að huga að mögulegum áhrifum þessarar tillögu á lánakjör og lánamöguleika til einstaklinga. Ef áhættan á töpuðum kröfum eykst, t.a.m. vegna takmarkana af þessu tagi, þá mun áhættugrunnur lánveitenda breikka, afskriftir aukast og þar með má leiða að því líkur að lánakjör versni. Einnig eru líkur á að lánveitendur munu hugsa sig tvisvar um áður en þær lána einstaklingum sem eru síður vel settir fjárhagslega, sem er að hluta tilgangur frumvarpsins. Hefðbundnir lánveitendur einstaklinga munu því hugsanlega gera mun strangari kröfur um greiðsluhæfi og tryggingar lántakenda, sem munu hafa mest áhrif á þá sem minnst mega sín.

Þessu til viðbótar er það mat undirritaðs að frávik frumvarpsins frá meginreglum kröfuréttar svo og stjórnarskráðum eignarrétti séu ekki rökstudd nægjanlega. Kröfur lánveitenda eru eign í skilningi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar (72. gr.), en engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almannapörf krefjist og fullt verð komi fyrir. Þar sem frumvarpið rökstyður ekki umrædda almannapörf þá er ekki unnt að fallast á að henni sé til að dreifa. Jafnframt gerir frumvarpið ekki ráð fyrir að fullt verð komi fyrir þann hluta krafna sem andvirði eignarinnar dugar ekki til að greiða. Hvað þessi skilyrði varðar þá gildir þar einu þó meginhluti lánastofnanna sé kominn í opinbera eigu, þær sem eftir standa í einkaeigu njóta enn stjórnarskrárvarinnar verndar.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs